

Reykjavík 9. janúar 2017

Ágætu sveitarstjórnarmenn

Til að byrja með viljum við í Félagi kennara og stjórnenda í tónlistarskólum (FT) þakka fyrir góð viðbrögð við síðasta bréfi frá 2. janúar síðastliðnum.

Nú langar okkur að vekja athygli ykkar á frétt á heimasíðu Kennarasambandsins en þar hefur KÍ tekið saman athugasemdir við yfirlýsingu samninganefndar sveitarfélaga frá 22. desember.

Þessar athugasemdir má lesa [hér](#) eða á viðhengi:

Okkur þætti vænt um ef þið gæfuð ykkur tíma til að fara yfir þessar athugasemdir en eins og ykkur má vera kunnugt um hefur kjarasamningur Félags kennara og stjórnenda í tónlistarskólum (FT) við sveitarfélögin og Reykjavíkurborg verið laus frá því í byrjun nóvember 2015 eða í tæpa 15 mánuði. Við þetta ástand má ekki una mikið lengur. Í tilraun samninganefndar FT til þess að höggva á þann hnút sem kjaraviðræðurnar hafa verið í lögðum við fram, 20. desember, hugmynd um skammtímasamning.

Með slíkum samningi gæfist starfshópi, sem tæki til starfa í byrjun næsta árs, aukið svigrúm til þess að ljúka vinnu við mikilvægar umbætur á kjarasamningnum og m.a. meta kosti og galla þess að færa launaumhverfi félagsmanna FT nær því sem gerist hjá kennurum og stjórnendum í öðrum skólagerðum. Tillaga FT gerði ráð fyrir að þessari vinnu lyki á næsta ári.

Ennfremur gerðu hugmyndir FT ráð fyrir eingreiðslu til þess að bæta félagsmönnum að einhverju leyti lægri launasetningu í rúmt ár vegna tafa við samningagerðina.

Staðan er óviðunandi fyrir alla hlutaðeigandi og í ljósi þess er í framlögðum hugmyndum FT til lausnar málsins ekki gert ráð fyrir öðrum launabreytingum en þeim sem samninganefnd sveitarfélaganna hafði þegar lagt fram.

Fyrir hönd samninganefndar FT:

Dagrún Hjartardóttir, starfandi formaður FT.